

# Leikskólinn Ákrar

Ársskýrsla skólaárið 2016-2017



Ragnildur Gunnlaugsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	1
Inngangur .....	2
Námsskrá leikskólans .....	2
Uppbyggingastefnan .....	2
Mat á skólaárinu 2016-2017 .....	2
Matsaðferðin.....	3
Það sem var metið.....	3
Sögupokar.....	3
Lýðræði.....	3
Uppeldi til ábyrgðar .....	4
Markviss málörvun .....	5
Ferilmöppur .....	6
Vinátta, þróunarverkefnið.....	6
Einingakubbar.....	6
Upplýsingaflæði .....	7
Skilin milli skólastiga, samtal kennara við foreldi og barn .....	7
Foreldrasamstarf.....	8
Foreldrakönnun.....	8
Barnahópurinn .....	11
Starfsmannahópurinn .....	11
Stefna í starfsmannamálum .....	11
Starfsþróun .....	11
Starfs og skipulagsdagar skólaárið 2016-2017.....	12
Nýbreytni.....	14
Húsnæði og viðhald .....	14

## Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 skal leikskólastjóri gera grein fyrir starfssemi leikskólans í ársskýrslu sem síðan foreldraráð gefur umsögn um. Þessi ársskýrsla tekur til skólaársins 2016-2017.

## Námsskrá leikskólans

Á grunni aðalnámskrár eiga allir leikskólar að móta sína eigin skólanámskrá og var skólanámskrá leikskólans Akra samþykkt í mars 2014 af leikskólanefnd Garðabæjar. Skólanámskrá Akra er endurskoðuð reglulega og er hún unnin í nánun samstarfi við leikskólakennara, annað starfsfólk, börn og foreldra. Námskráin er sýnileg á heimasíðu leikskólans.

## Uppbyggingastefnan

Á Ökrum er unnið eftir Uppbyggingastefnunni (Uppeldi til ábyrgðar). Uppbyggingastefnan snýst að mestu um samskipti, ef samskipti eru góð og gefandi þá má byggja á þeim árangursríkt nám. Þetta er aðferð við að kenna sjálfstjórn og sjálfsaga og styrkja einstaklinga í því að læra af

mistökum. Að skapa skilyrði til að barnið: Geti lagfært mistök sín,

snúið aftur til hópsins og vaxið við hverja raun. Markmiðið er

að þjálfa börn í að vera þau sem þau vilja vera út frá eigin

sannfæringu en ekki bara að geðjast öðrum. Við stjórnun

okkur sjálf, hvað við viljum gera og hvernig persónur við

viljum vera. Í ár ákváðum við að meta vinnu okkar inn á

deildum með börnunum í Uppbyggingastefnunni og kemur

það fram í kaflanum um matið.



## Mat á skólaárinu 2016-2017

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 er markmið innra mats það að leikskólinn meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins með virkum þætti starfsmanna, barna og foreldra.

## Matsaðferðin

Í ár var breyting á vinnufyrirkomulagi varðandi innra matið hjá leikskólum í Garðabæ. Við fengum mól af nýrri starfsáætlun og inn í hana eru sett þau atriði sem á að meta og/eða skoða það árið og hvaða aðilar bera ábyrgð á það sé gert. Það var gerð könnun haustið 2016 og aftur vorið 2017 hjá starfsmönnum til að ná að meta vissa þætti í starfinu. Þeir þættir sem við ákváðum að meta á þessu skólaári voru Uppeldi til ábyrgðar, Sögupokar og Lýðræði. Þar sem þetta fyrirkomulag á mati var alveg nýtt þá náðum við að tileinka okkur það að sumu leyti og svo var gripið til gamla mats aðferðina á öðrum sviðum t.d. þegar við vorum að meta ferilmöppur, markvissa málörvun og skil milli skólastiga.

## Það sem var metið

### Sögupokar

Í könnuninni að hausti kom í ljós að starfsmenn yngri deilda voru mun öruggari með sögupokann en starfsmenn eldri deilda. Einnig notuðu flestir þeir pokann oft í mánuði á meðan starfsmenn eldri deilda notuðu pokann sjaldan eða kannski 1-2 sinni í mánuði. Vorið 2017 þegar seinni



könnunin var gerð var hægt að sjá að starfsmenn eldri deilda voru orðnir öruggari og voru oftast að nýta sér pokana á meðan starfsmenn yngri deilda höfðu aðeins dregið úr notkun þeirra. Það sem við gerðum í vetur var að sérkennslustjórinn kynnti þá vel

fyrir starfsmönnum og í mars fór sérkennslustjórinn í mikla sköpunar vinnu með elstu börnum á Engi og deildarstjóra. Með þessu sáu hinir starfsmennirnir hvernig hægt er að vinna með þá. Starfsmenn töluðu um það í könnuninni að þeir þyrftu að vera duglegri að gefa sér tíma í að skoða pokana og hella sér í það að nota þá.

### Lýðræði

Þegar kemur að lýðræði þá voru allir starfsmenn á því að í leikskólanum er að nota lýðræðisleg vinnubrögð. Á eldri deildum leikskólans eru kosningar mikið notaðar þegar kemur að því að lesa bækur þá hafa börnin um 2-3 bækur að velja og þau rétta upp hönd og meiri hlutinn ræður. Þau

## Leikskólinn Akrar

hafa stundum val hvort þau fara út eða eru inni einnig hvaða leikefni er í vali. Þau geta líka valið það á 45 mínútna tímabili hvenær þau fá sér kaffitíma. Á öllum deildum leikskólans fá börnin að velja hvaða lög eru sungin í samveru og eru kosningar á hverri deild um hádegismat tvisvar á ári. Þá er settur upp kjörklefi og börn þeirra deildar sem er að ráða matnum kjósa á milli 4-5 rétta. Starfsmönnum fannst við nota lýðræðisleg vinnubrögð en alltaf má gera gott betra.

## Uppeldi til ábyrgðar

Um haustið gerðu starfsfólk sáttmála og það var nýtt hálfur skipulagsdagur í að skoða stefnuna og hvernig hægt væri að vinna með hana í starfi með börnum. Í byrjun nóvember voru svo deildarstjóra spurðir hvar þeir væru staddir í þeirri vinnu. Könnunni var eins, eða hún kom inn á sömu punktana bæði haustið 2016 og vorið 2017. Starfsfólk var spurt hvort það fyndi fyrir því að það væri unnið eftir Uppeldi til ábyrgðar í leikskólanum og þá hvernig og einnig hvort það hefði farið í vinnu með börnum er viðkemur stefnunni.

Það voru ekki allir sem svöruðu fyrstu spurningunni að hausti en þeir sem svöruðu sögðu að þeir fyndi fyrir því þá sérstaklega í samskiptum, þá viðmóti og framkomu við hvort og annað og börnin. Að börnin fengju val og þeim leiðbeint í stað þess að vera skömmuð og þeim treyst fyrir því að leysa úr vandamálum sjálf. Þegar starfsfólk var spurt út í hvort það hefði farið í vinnu er viðkemur stefnunni þá voru fáir sem



svöruðu en þeir sem svöruðu sögðu sáttmálagerð og að það væri líka samskiptin sem eru samofin inn í starfið.

Vorið 2017 fengu starfsmenn þessa könnun aftur, það var einn starfsmaður sem byrjaði um áramót og annar sem byrjaði eftir páska og vantaði þeim báðum þekkingu á því hvað þessa stefna stendur fyrir þar sem þeir hefðu ekki verið í vinnunni um haustið. En hinir svöruðu fyrstu spurningunni svipað nema það hafði bæst við að það sé reynt að finna leið sem hentar hverju barni fyrir sig. Þetta svar sýnir að stefnan er að síast inn í starfsmennina að skoða einstaklingin og hans þarfir. Þegar koma að seinni spurningunni þá var hægt að sjá að það hafði verið farið í



## Leikskólinn Akrar

markvissa vinnu með yngri börnin en ekki eins mikið með eldri börnin. Það töluðu allir um sáttmálagæð, lesa og talað um þarfir, farið í „húsið“ öryggið og komu börnin á yngri deild með hús sem þau hefðu gert heima með myndum sem þeim þykir vænt um. Einnig var talað um virðingu fyrir hvort öðru og á eldri deildum var farið í deildar reglur. Þessi könnun sýnir okkur að við erum komin ágætlega af stað hvað varðar samskiptin og nú í haust ætlum við að vera duglegri með að vinna með börnunum. Sú vinna verður sett inn á Viðfangsefna dagatalið þannig hægt sé að sjá hvern mánuð fyrir sig í vinnu með börnunum.

Í febrúar fór aðstoðarleikskólastjóri á námskeiðið fyrir stýri hópa uppbyggingar og stjórnendur og í maí á starfsdegi fóru allir starfsmenn leikskólans að skoða leikskólann Krílakot á Dalvík sem vinnur eftir Uppbyggingarstefnunni. Einnig heimsóttum við leikskólann Naustatjörn sem er að vinna með jákvæðan aga og sáum við strax að það passar mjög vel við Uppbyggingastefnuna.

## Markviss málörvun

Elstu börnin í leikskólanum fara í markvissa málörvun hjá okkur og hefur alltaf verið farið alfarið eftir bókinni Markviss málörvun. Eftir síðasta skólaár var tekin sú ákvörðun að endurskoða þá vinnu og fóru deildarstjórar eldri deilda í það. Það voru gerða ýmsar breytingar bæði er varðar kennsluefni og tíma og stað fyrir stundirnar. Það var hætt að fara alfarið eftir



Markviss málörvun bókinni og nýttum efni úr t.d. bókunum Ljáðu mér eyra og Leggðu við hlustir. Efnið var fjölbreyttara og snerti alla þætti málörvunar. Áður var farið í markvissa málörvun í hvíldinni en því var breytt og sett 1 stund á viku í staðin. Það virkaði betur, bæði hvað varðar áhuga og athygli barnanna og dagskipulag

deildarinnar hvað varðar starfsfólk. Starfsfólk var ánægt með þessar breytingar og sjá að þessi leið býður upp á mikið fjölbreyttari efni við og nálgun á markvissri málörvun.

## Ferilmöppur

Þegar ferilmöppurnar voru skoðaðar í lok skólaárs í fyrra þá kom í ljós að það var mjög mismunandi eftir börnum hvað var í þeim. Sum börnin voru með eiginlega allt sem átti að vera á meðan það vantaði ýmislegt inn í hjá öðrum. Nú í vetur sá hver hópstjóri um ferilmöppur sinna barna og var farið eftir Viðfangsefnadagatalinu, en þar er skráð hvað á að gera í hverjum mánuði í ferilmöppur. Þessi vinna hefur gengið vel í vetur og var sú ákvörðun tekin að halda áfram að vinna eftir Viðfangsefnadagatalinu og þá eru öll börn með sömu verk í ferilmöppum.

## Vinátta, þróunarverkefnið

Ætlunin var að hella okkur í

Vinátтуverkefnið þetta skólaárið og byrjaði það ágætlega. Á yngri deildum var byrjað með markvissri vinnu í hópastarfi þar sem viss spjöld (stórar teiknaðar myndir af börnum í vissum aðstæðum) voru tekin fyrir og aðstæður þeirra og tilfinningar voru ræddar. Á eldri deildum var byrjað nota spjöldin

ef það komu upp atvik sem þurfti að ræða þá bæði í samskiptum og í leik. Einnig voru þau notuð í samveru og hvíld. Börnin fá að hafa Blæ þegar þau vilja og er hann yfirleitt í notkun í hvíld en



eldri börnin sækja ekki eins mikið í hann. Nuddbókin sem fylgdi með hefur verið mikið notuð og sögubókin hefur verið mikið lesin á yngri deildum. Okkur finnst þetta mjög áhugavert verkefni og langar okkur að koma þessu betur í starfið og því er ætlunin að setja vinnu með Vinátтуverkefnið markvisst inn í skipulagið.

## Einingakubbar

Á leikskólanum er mikið af einingakubbum, það er ein hilla inn á hvorri yngri deild og svo eru eldri deildarnar með þrjár hillur á sameiginlega svæði frammi. Okkur langaði til að skoða hvernig kynjaskiptingin væri í kubbum. Það voru sett upp skráningarblöð á kubbasvæðin og



## Leikskólinn Akrar

voru skráðar tvær vikur í nóvember og svo aftur tvær vikur í endaðan apríl byrjun maí. Með því að skoða skráninguna sáum við að kynjaskiptingin er að mestu jöfn, örlítið fleiri strákar þó. Þegar við skoðuðum skráninguna þá kom í ljós að við þurfum að skoða staðsetningu kubbanna og vinnu með þeim almennt. Það kom í ljós að börnin á yngri deild fóru stundum í kubbana í hópastarfi en mjög lítið í frjálsum leik. Börnin á eldri deild fóru ekki í kubbana í hópastarfi og þeir voru ekki í mikilli notkun í frjálsa leiknum. Okkur fannst þetta áhugaverðar niðurstöður og langar til að skoða þetta betur.



## Upplýsingaflæði

Það kom í ljós í foreldrakönnun 2015 að upplýsingaflæði er einn af þeim hlutum sem þurfti að bæta. Eftir þetta var stofnaðar facebook síður fyrir allar deildir þar sem starfsmenn setja inn t.d. myndir af daglegu starfi, segja frá hvað er verið að gera ásamt upplýsingum um atburði sem eru að koma og annað. Við höfum alltaf verið með fund að hausti fyrir alla foreldra þar sem er farið yfir starf leikskólans og í mars – apríl hafa svo verið foreldrasamtöl. Við tókum þá ákvörðun að bæta við foreldrasamtölum í október til að bæta upplýsingaflæði og fannst okkur það takst vel og munum við gera það aftur næsta vetur.

## Skilin milli skólastiga, samtal kennara við foreldi og barn

Fyrir tveimur árum var gerðar smá breytingar hvað varðar skilin milli skólastiga, það er að segja hvernig foreldrasamtalið fer fram að vori. Í ár vorum við með skilin á þennan hátt í annað skiptið, þar sem foreldri, barn og deildarstjóri hittast og það er farið yfir ferilmöppur og rætt framfarir barnsins. Þetta tókst vel til og er mikil ánægja hjá deildarstjórum með þessa breytingu. Í lok maí kemur svo deildarstjóri yngsta stigs í Hofstaðarskóla ásamt sérkennslustjóra og þá er farið yfir hvert barn og þá eru deildarstjórar með vinamynd sem börnin hafa teiknað og spurningarlista sem útskriftar börn svara. Þessi gögn sýna svolítið hvernig barnið er sem einstaklingur og hvernig það er statt félagslega.



## Foreldrasamstarf

Í haust varð endurnýjun bæði í foreldrafélagi og foreldraráði, það eru þrennir foreldrar í foreldraráði ásamt leikskólastjóra og níu foreldrar í foreldrafélaginu ásamt aðstoðarleikskólastjóra. Foreldraráðið fundar 2-3 á ári og þá eru rædd hin ýmsu mál sem varða leikskólann einnig að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um t.d. skólanámsskrá og ársskýrslur. Það eru vissir viðburðir í leikskólanum sem foreldrafélagið heldur utan um og í vetur hélt foreldrafélagið utan um þessa viðburði:



- Jólasveinar á jólaball og gjafir handa börnunum
- Jólagjafir handa starfsfólki
- Sveitaferð
- Sumarhátíð

## Foreldrakönnun

Skólapúlsinn er með foreldrakönnun og starfsmannakönnun annað hvert ár til skiptis og í ár var foreldrakönnun. Skólapúlsinn er vefkannanakerfi sem leggur kannanir fyrir foreldra og starfsmenn í leikskólum í Garðabæ (sjá [www.skolapulsinn.is](http://www.skolapulsinn.is)).

Á vef Skólapúlsins er að finna upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir kannanakerfisins. Kannanirnar eru hluti af innra mati leikskólans en tilgangur þess er að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs í leikskólum. Með kerfisbundnu mati er greint hvað gengur vel og hvað miður og síðan teknar ákvarðanir um umbætur á grundvelli niðurstaðna.

Það voru eingöngu mæður sem tóku þátt núna að okkar beiðni og var 84% þátttaka hjá þeim.

## Leikskólinn Akrar

Foreldrakönnunin innihélt matsþættina:

1. Daglegt leikskólastarf
2. Námsumhverfi
3. Samskipti við foreldra
4. Upphaf og lok leikskólagöngu
5. Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta
6. Opin svör



Hver matsþáttur samanstendur af nokkrum spurningum um vinnubrögð í leikskólanum, samskipti og upplýsingamiðlun, aðstöðu til leiks og náms svo að eitthvað sé nefnt.

Niðurstöður sýna að leikskólinn var yfir landsmeðaltali í þáttunum:

- Daglegt leikskólastarf
  - a) Ánægja með leikskólann
  - b) Hollt mataræði
- Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta

Einnig sýna niðurstöður að leikskólinn stendur sig vel í þáttunum

- Námsumhverfi
- Samskipti við foreldra.

Niðurstöður sýna að tækifæri eru til úrbóta í þættinum

- Samskipti við foreldra
  - a) Upplýsingamiðlun, þá hvað varðar starf og líðan barnanna í leikskólanum.

Enn og aftur kemur þessi punktur upp varðandi upplýsingastreymið til foreldra, en við teljum okkur þó hafa bætt okkur frá því í foreldrakönnunni 2015. Við stofnuðum facebook fyrir hverja

## Leikskólinn Akrar

deild, bættum við foreldrasamtali að hausti og erum einnig með nýbreytni í vor hvað varðar kynningu fyrir foreldra á starfsmönnum þeirra deilda sem barnið þeirra byrjar á næsta haust.

Auk þessara þátta gafst mæðrum kostur á að svara opnum spurningum, annars vegar voru þær beðnar um að lýsa því sem þeim finnst gott við leikskólann og hins vegar hvað betur mætti fara.

Nokkur svör mæðra við það sem þeim finnst gott við leikskólann:



*Börnin eru frekar frjáls og virðast aldrei leiðast og virðast fá frekar frjálst val þegar kemur að leik og vali.*

*Lítið eða ekkert af boðum og bönnum Barnið mitt mætir hlýju á hverjum morgni sem það mætir. Barnið er ávallt ánægt að mæta í leikskólann. Barninu finnst gaman á leikskólanum. Barnið virðist læra ýmislegt á leikskólanum.*

*Öll aðstaða til fyrirmyndar. Frábært starfsfólk upp til hópa. Góður matur. Umburðalyndi. Vel tekið á móti börnunum. Jákvæðni.*

Nokkur svör mæðra um hvað betur mætti fara í leikskólanum:

*Bílastæðamál!!!*

*Finnst hlutfall kennara vs nemendur ekki nógu gott: s.s of margir nemendur á hvern kennara.*

*Meira upplýsingaflæði um daglegt starf í leikskólanum*

*Leikskólakennararnir ættu að vera með góð laun!*

Starfsmannahópurinn hefur farið yfir niðurstöðurnar og munum við gera áætlun til úrbóta. Er mæðrum þakkað fyrir þátttöku sína í mati á starfi leikskólans.

## Barnahópurinn

Fyrsta desember 2016 voru 96 börn á fjórum deildum í leikskólanum. Á Móa voru 23 börn, á Lyngi voru 21 barn, á Engi voru 26 börn og á Mýri voru 26 börn.

Það voru 31 börn fædd 2011

Það voru 21 börn fædd 2012

Það voru 24 börn fædd 2013

Það voru 18 börn fædd 2014

Það voru 2 börn fædd 2015



## Starfsmannahópurinn

Í desember 2016 voru 32 starfsmenn í leikskólanum og voru þrír af þeim stelpur sem voru í lokun hjá okkur 3 daga vikunnar. Þar af voru 6 leikskólakennarar, 1 þroskaþjálfari, 4 háskólamenntaðir starfsmenn, 18 leiðbeinendur, 1 matráður og 2 aðstoð í eldhúsi. Tveir af háskólamenntaða fólkinu okkar er að taka master í leikskólakennarafræðum.

## Stefna í starfsmannamálum

Við á Ökrum eru alltaf að vinna í því að gera góðan vinnustað betri og að allir hafi tækifæri á að blómstra. Við horfum á leikskólann sem eina heild og viljum að öllum líði vel og þess vegna viljum við gera okkar besta í því að taka vel á móti nýju starfsfólki svo það finni fyrir öryggi. Með það í huga var ákveðið að fara yfir Starfsmannahandbókina, í henni er hægt að finna helstu upplýsingar um daglegt starf í leikskólanum. Þar var ýmislegt sem þurfti að lagfæra t.d. laga það sem hefur breyst í gegnum árin hjá okkur ásamt því að bæta nýju inn. Einnig var gerð breyting á Móttökuáætlun nýrra starfsmanna þannig auðveldara væri að nota hana þegar nýjir starfsmenn byrja í haust.

## Starfsþróun

Skólaárið 2016-2017 langaði okkur að efla starfsþróun hjá starfsmönnum, hver starfsmaður fékk tækifæri til að fara á tvö Kraganámskeið ásamt þeim kynningum/fyrirlesturum sem voru haldnir í

leikskólanum. Okkur fannst takast ágætlega til en langar samt að gera betur og var því ákveðið að leggja enn meiri áherslu á kraganámskeiðin næsta skólaár.

Allir starfsmenn sátu eftirtalda fyrirlestra

- Ágústa Guðmundsdóttir (klifið), Guðrún Hrefna (fjölskyldusvið) og Ólöf Ásta (Barnahús) - Að efla vitund og vakningu um velferð barna og samræma verklag.
- Ragnhildur Gunnlaugsdóttir - Uppeldi til ábyrgðar, hvernig vinnum við með stefnuna inn á deildum næsta vetur.
- Velferðateymi á Ökrum - Jafnrétti og sjálfsmynd og kynheilbrigði barna.
- Ágústa og Jóhanna – Kynning á sögupokum
- Elsa Pálsdóttir (Menntamálastofnun) – Læsi, verkferlar við gerð læsisstefnu leikskólans.
- Halldóra Pálsdóttir - Mat á innri starfi leikskólans.
- Ragnhildur – Kynning á Karellen

Einnig fóru starfsmenn á önnur námskeið yfir veturinn og má þar telja:

- Mismunandi fjölskyldugerð
- Skapmikil börn
- Jákvæð samskipti og sjálfstæð börn
- Kvíði barna
- Námsögur barna skráðar: fagmennska og sjónarhorn barna
- Menningarnæmi og fjölmening
- Barnaheill-vinátta: Innsýn þeirra sem hafa reynslu

## **Starfs og skipulagsdagar skólaárið 2016-2017**

Starfsmannafundur 24. ágúst klukkan 17:00-19:00

- Fundur í sal, hagnýtar upplýsingar og ákvarðanir fyrir næsta skólaár.
- Deildarfundir.

Skipulagsdagur 16. September 2016 klukkan 8:00-16:00

- Fyrir hádegi var Velferðasvið í Garðabæ með fyrirlestur/kynningu.
- Farið yfir gögn í undirbúningsherbergi og inn á samskrá.



## Leikskólinn Akrar

- Orðaspjall.
- Málörvunarstundir.
- Vináttuverkefnið.

### Starfsmannafundur 11. október 2017 klukkan 17:00-20:00

- Velferðateymi á Ökrum fer yfir jafnrétti og sjálfsmynd og kynheilbrigði barna.
- Deildarfundir.
- Önnur mál rædd inn í sal.

### Skipulagsdagur 24. október klukkan 8:00-15:00

- Uppbyggingastefnan, farið var yfir ýmiss atriði og vinnu er varða uppbyggingastefnuna ásamt því að starfsmenn gerðu sáttmála.
- Þar sem þetta var menntadagur í garðabæ var farið eftir hádegi upp í Hofstaðaskóla þar sem starfsfólk leik- og grunnskóla sýndi og kynnti þau fjölbreyttu þróunarverkefni sem unnið er að í skólunum.
- Síðan fóru þeir sem vildu á útifund niður í bæ vegna kvenfrídagsins.

### Starfsmannafundur 9. nóvember 2016 klukkan 17:00-20:00

- Kynning og kennsla á notkun Sögupoka.
- Farið yfir starfið í desember, jólagjafir og föndur barnanna.

### Skipulagsdagur 2. janúar 2017 klukkan 8:00-12:30

- Almennur fundur inn í sal, farið yfir fyrri önn skólaársins.
- Deildarfundir.

### Starfsmannafundur 15. febrúar 2017 klukkan 17:00-20:00

- Elsa Pálsdóttir frá Menntamálastofnun kom með fyrirlestur um læsi og hvernig gott væri að vinna að gerð læsisstefnu fyrir leikskólann.
- Vinna inn á deildum, læsisstefna leikskólans Akra.

### Starfsmannafundur 23. mars 2017 klukkan 17:00-20:00

- Halldóra Pálsdóttir, Mat á innri starfi leikskólans.

### Starfsmannafundur 25. apríl 2017 klukkan 17:00-20:00

- Undirbúningur fyrir Opið hús.
- Farið yfir Foreldrakönnun Skólapúlsins.
- Ragnhildur frá Karellen kom með kynningu fyrir starfsfólk.

Starfsmannafundur 17. maí 2017 klukkan 17:00-19:00

- Almennur fundur inn í sal.
- Könnun starfsmanna vegna innri mats leikskólans.

Skipulagsdagur 26. maí 2017

- Akureyrafærð, farið var og skoðað 2 leikskóla.
- Á leikskólanum Krílakoti á Dalvík var skoðað söguskjóður og Uppeldi til ábyrgðar.
- Á leikskólanum Nautatjörn á Akureyri var skoðað hvernig þau vinna með Jákvæðan aga og einnig voru fimm ára deildirnar í grunnskólanum.

## Nýbreytni

September ár hvert hafa leikskólar í Garðabæ skilað ársskýrslu sem tekur á starfsárinu sem var að líða. Í ár var gerð breyting á skilum þar sem ársskýrslu er skilað í júní. Með þessu kemur smá skekkja á niðurstöðurnar þetta skólaárið þar sem það vantar mat eða umsögn um sumarstarfið og það sem er lagað á lóð eða í leikskólanum yfir sumartímann.



Í júní mun sú nýbreytni vera að foreldrum þeirra barna sem eru að flytjast frá Móa eða Lyngi yfir á Engi eða Mýri er boðið í stutt spjall við nýja deildarstjóran. Þar er sagt frá því helsta hvað varðar starfsfólk og skipulag deildarinnar.

## Húsnæði og viðhald

Leikskólinn á enn þá við rakavandamál að stríða í fataklefa yngri deilda. Sérfræðingar hafa komið og skoðað en ekkert hefur verið aðgert enn þá. Rúða brotnaði í sal og var henni skipt út. Á kaffistofu lak kaffi á bakvið og ofaní gluggkistuna og var það lagað. Sett voru upp tvö aukahólf á Mýri. Á áætlun er að mála miðrymið í sumar og leggja hita og einangra útigeymslu. Okkur á Ökrum finnst ekki vanþörf á að yfirfara leikskólalóðina í sumar og verður því komið áleiðis til garðyrkjudeildar.